



**LJÓSTÆKNIFÉLAG
ÍSLANDS**

LANDSNEFND ÍSLANDS Í CIE

Aðalfundargerð

Aðalfundur Ljóstæknifélags Íslands 2002

haldinn mánudaginn 27. 5. 2002 kl. 20.00

í ráðstefnusal stjórnstöðvar Landsvirkjunar við Bústaðaveg

Formaður félagsins Þórður Guðmundsson bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann tilnefndi Berg Jónsson sem fundarstjóra og Hrein Jónasson sem fundarritara. Voru þeir samþykktir.

1. Skýrsla stjórnar.

Þórður Guðmundsson formaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins 2001 - 2002. Skýrslan lá frammi á fundinum. Helsta verkefni á síðast liðins ári var LUX Eurpa 2001 ráðstefnan sem fram fór 18. - 20. júní. Ýmis önnur verkefni viku nokkuð m.a. vegna LUX Europa ráðstefnunnar. Á hinn bóginn skildi hún eftir nokkra fjármuni í sjóðum félagsins sem geta nýttst til meiri umsvifa á komandi starfsári. Formaður færði Guðna Gíslasyni sérstakar þakkir fyrir fábært starf fyrir félagið og aðstoð við stjórnina, en hann hefur annast fjölmargt, m.a. félagaskrá, heimasíðu LFÍ og upplýsingar til félagsmanna og annarra. Einnig þakkaði formaður þeim Agli Skúla Ingibergssyni og Ólafi Grétari Guðmundssyni sem önnuðust skipulag LUX Europa ráðstefnunar sem tókst með ágætum. Að öðru leyti verður hér vísað til skýrslunnar sem lá frammi.

2. Reikningsskil.

Fundarmenn fengu í hendur afrit af ársreikningi fyrir árið 2001.

Gjaldkeri, Ólafur S. Björnsson las upp reikninginn og skýrði.

Engar athugasemdir komu fram.

Aðalfundurinn samþykkti ársreikninginn.

Fundarsstjóri bar að svo búnu skýrslu stjórnar og ársreikning undir atkvæði.

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur var einnig samþykktur samhljóða.

3. Tillögur stjórnar um starfsemi, fjárhagsáætlun og félagsgjöld.

Gjaldkeri, Ólafur S. Björnsson kynnti „Tillögur stjórnar um starfsemina á næsta ári“.

Þórður Guðmundsson ræddi einnig áætlunina.

Starfsemin á næsta ári:

1. Leitast við að fjölga félagsmönnum
2. Halda 2-3 fræðslufundi
3. Taka stefnumótandi ákvörðun um erlent samstarf. Hvað hentar okkur best?
4. Gefa út 2 eintök af ljósi.
5. Koma á og festa í sessi viðurkenningu fyrir góða lýsingu

Fjárhagsáætlun:

Tekjuáætlun liggur fyrir á grundvelli félagsgjalda. Verulegar upphæðir eru á reikningum félagsins og svigrúm til starfa því nokkuð. Engar skuldbindandi áætlanir liggja fyrir um starfsemina aðrar en þær sem lúta að daglegum rekstri, sem er hverfandi, en tillögur um verkefni komandi starfsárs eru hér að ofan. Stjórnin hefur því frjálssar hendur um verkefnaval komandi árs.

Félagsgjöld:

Ekki eru lagðar til breytingar á félagsgjöldum.

Nokkrar umræður urðu ummikilvægi þess að koma á viðurkenningu fyrir góða lýsingu. Bergur Jónsson benti á að að nokkru hefði tekist að veita slíka viðurkenningu.

Egill Skúli Ingibreggsson bætti við að þetta hefði tekist tvisvar. Notað væri orðið „viðurkenning“, en ljóst væri að það væri jafnan töluverð fyrirhöfn að koma þessu í kring.

Bergur vakti athygli á starfi orðanefndar Rafmagnsverkfræðingafélags Íslands. Síðasta bókin, 9. bindi, var um iðorð í ljóstækni.

4. Lagabreytingar

Engar tillögur lágu fyrir um lagabreytingar

5. Kosning stjórnar

Egill Skúli lýsti niðurstöðu kjörnefndar samkvæmt skýrslu kjörnefndar dags 4. apríl 2002. Nefndin leggur til að eftirtaldir verði í kjöri til tveggja ára, í stað þeirra er lokið hafa kjörtímabili sínu:

Daði Ágústsson formaður

Hilmar Jónsson stjórnarmaður.

Jón Ísaksson Guðmann stjórnarmaður

Hannes Helgason tilnefndur stjórnarmaður

Ekki komu aðrar tillögur fram og voru þessir menn því kjörnir.

6. Kosning kjörnefndarmanna og endurskoðenda til 3gja ára

Nefndin leggur til:

Víðir Kristjánsson endurkjör sem kjörnefndarmaður

Hreinn Jónasson endurkjörinn endurskoðandi

Ekki komu aðrar tillögur fram og þessir menn því kjörnir.

7. Önnur mál

Ólafur Björnsson sem setið hefur í stjórn í samtals xx ár, en lætur nú af stjórnarsetu, þakkaði samstarfsmönnum sínum og félögum LFÍ og óskaði félaginu allra heilla í framtíðinni.

Daði Ágústsson flutti þakkir fyrir kjörið í formannsstöðuna.

Örvar Ármannsson lagði til að skipuð yrði nefnd sem gerði tillögur um lýsingarkerfi til viðurkenningar hverju sinni.

Þórður Guðmundsson tók undir orð Örvars og ítrekaði hversu mikilvægt hann teldi að koma á veitingu ljóstækniverðlauna.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Að loknum aðalfundarstörfum og kaffiveitingum í boði Landsvirkjunar flutti Guðjón L. Sigurðsson Rafteikningu ítarlegt og áhugavert erindi um lýsingarkerfi Bláa lónsins. Lýsti hann vandamálum sem þar komu fyrir, m.a. vegna tærandi lofts, gufu, útlitssjónarmiða o.s.frv. og lausnum sem hann og samstarfsmenn hans fundu þar á.